

**Sp. 428. Tillaga til þingsályktunar**

um athugun á grundvelli verðlagsvísitölunnar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort innlendar neytluvörur ganga ekki að of miklu leyti inn í verðlagsvísitöluna, miðað við aðrar nauðsynjavörur, með þeim aðferðum, sem nú eru notaðar við útreikning verðlagsvísitölunnar.

**Greinargerð.**

Það er kunnugt, að landbúnaðarvörurnar hafa meira áhrif á verðlagsvísitöluna en aðrar neytluvörur. Útlendu vörurnar, svo sem kornvörur, sem þjóðin notar daglega, hafa miklu minni áhrif á vísitöluútreikningana en innlendar neytluvörur. Þá má einnig minna á fatnað og ýmsar fleiri vörur, sem nauðsynlegar mega teljast, en virðast hafa tiltölulega lítil áhrif á vísitöluna, eins og hún er nú reiknuð út.

Það er nauðsynlegt að endurskoða þann grundvöll, sem nú er byggt á í þessum efnum. Það má benda á, að það virðist vera algerlega rangt að láta vörurnar ganga með jafnmiklu magni inn í verðlagsvísitöluna þá mánuði ársins, sem þær eru helzt ófánlegar. Má t. d. nefna egg og smjör, sem á ýmsum tímum ársins er, eins og nú er ástatt, lítt fánlegt.

Þetta er nauðsynlegt að endurskoða rækilega, til þess að tryggð megi vera, að verðlagsvísitalan sé á hverjum tíma rétt. Það má ekki koma fyrir, að dýrtíðin hækki um mörg stig, vegna þess að grundvöllurinn, sem útreikningarnir eru byggðir á, er ekki með öllu réttur.